

Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Innanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **20.11.2012**
Málsnúmer: **IRR12090200**
Bréfalykill: **18.10.8**

Efni: **Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald**

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 14. nóvember 2012, þar sem fulltrúi innanríkisráðuneytisins varð fyrir svörum um frumvarp til laga um breyting á lögum um gatnagerðargjald, var óskað eftir minnisblaði ráðuneytisins um hvernig talan 214 m.kr. í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sé fundin.

Í frumvarpi þessu er lagt til að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2012 í ákvæði til bráðabirgða við lögin komi dagsetningin 31. desember 2015. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir að samkvæmt kostnaðarmati innanríkisráðuneytisins sé gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem geti nýtt sér umrædda heimild og innheimt til áramóta yfirstandandi árs samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verði af tæplega 214 m.kr. tekjum komi ekki til framangreindrar lagabreytingar.

Kostnaðarmat innanríkisráðuneytis er gert samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en þar segir m.a. að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að laga frumvarpi liggur fyrir skuli það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Eins og fram kemur í frumvarpi þessu kom tillaga þessi að lagafrumvarpi sem hér er til meðferðar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Var fjárhagsleg staða nefndra sveitarfélaga unnin þar og var mat ráðuneytisins samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga unnið á þeim grundvelli. Er það ástæða þess að meðfylgjandi gögn koma þaðan.

Sveitarfélögin eiga eftir að leggja slitlag á götur fyrir um 822 m.kr., þar sem ekki er slitlag fyrir og möguleiki fyrir þau að innheimta gatnagerðargjöld upp í framkvæmdakostnað. Heimildin til álagningarinnar rennur út um næstkomandi áramót. Ef þessi breyting á lögnum verður ekki samþykkt, þá verða þessar framkvæmdir 214 m.kr. dýrari fyrir sveitarfélögin, en ella yrði, færu þau í umræddar framkvæmdir. Í meðfylgjandi gögnum sem Samband íslenskra sveitarfélaga aflaði hjá sveitarfélögum er að finna yfirlit yfir umrædd sveitarfélög.